


Breyting á Aðalskipulagi Fjallabyggðar 2020-2032 Verslun og þjónusta á Brimnestungu


Kvarði 1:10.000 í A3

Teiknað: LF

Dags. 30.05.2023



Gildandi Aðalskipulag Fjallabyggðar 2020-2032, staðfest 20.05.2022.



Breytt skipulag

Skýringar

- Þéttbýlismörk
- Afþreyingar- og ferðamannasvæði (AF)
- Athafnasvæði (A)
- Flugvelli (F)
- Fristundabyggð (F)
- Hafnir (H)
- Íbúðarbyggð (ÍB)
- Lönaðarsvæði
- Íþróttasvæði (ÍÞ)
- Kirkjugarðar og grafreitir (K)
- Landbúnaðarsvæði (L)
- Miðsvæði (M)
- Opin svæði (OP)
- Óbyggð svæði (ÓB)
- Samfélagsþjónusta (S)
- Skógræktar- og landgræðslusvæði (SL)
- Strandsvæði (ST)
- Verslun og þjónusta (VP)
- Vötn, ár og sjór
- Efnistöku- og efnislosunarsvæði (E)
- Stofnbraut
- Tengibraut
- Göngustigur / gönguleið
- Reiðleið
- R Rafmagn (núverandi)
- L Ljósleiðari (núverandi)
- H Hítaveita (núverandi)
- V Vatnsveita (núverandi)
- S Sími (núverandi)
- F Fráveita (núverandi)
- Y Yfirfall (núverandi)
- R Fornleifar (MV)
- C Snjóflóðahættumat
- B Hættusvæði B
- A Hættusvæði A
- U Oppfærð gögn eftir uppsetningu garða og varnarvirka.
- V Vatnsvernd, strandsvæða (VS)
- H Hverfisvernd (HV)

TILLAGA

Samþykkt og staðfesting

Aðalskipulagsbreyting þessi sem auglýst hefur verið skv. 31. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 var samþykkt í bæjarstjórn Fjallabyggðar þann ____ 2023.

Aðalskipulagsbreyting þessi var staðfest af Skipulagsstofnun þann ____ 2023.

Greinargerð

Bæjarstjórn Fjallabyggðar leggur til að Aðalskipulagi Fjallabyggðar 2020-2032 verði breytt og unnið verði deiliskipulag fyrir brimbrettaaðstöðu ásamt tilheyrandi þjónustu á Brimnestungu.

Breytingin nær til eftirfarandi landnotkunarreita:

- Fyrirhuguð landfylling (328 E) verður felld út þar sem hún mun eyðileggja þær náttúrulegu aðstæður sem skapa öldumyndun fyrir brimbrettaíðkun.
- Athafnasvæði (302 AT) sem náði m.a. til áður nefndrar landfyllingar og fyrirhugaðrar brimbrettaaðstöðu minnkar úr 10,7 í 4,7 ha.
- Strandsvæði (301 ST) stækkar úr 0,9 í 1,4 ha þar sem það mun breikka og ná yfir varnargarða sem áður voru skilgreindir sem hafnarsvæði.
- Hafnarsvæði (307 H) mun minnka úr 4,6 í 4,1 ha.
- Óbyggt svæði (ónúmerað) meðfram Brimnesá að ósum hennar verður opið svæði til útivistar (330 OP).

Nýr landnotkunarreitur er skilgreindur og nýtt hverfisverndarsvæði:

- Reitur fyrir verslun og þjónustu á Brimnestungu (328 VP) er afmarkaður fyrir brimbrettaaðstöðu og tengda starfsemi.
- Hverfisverndarsvæði er skilgreint frá fjöru að netlögum. Markmið með verndinni er að varðveita sjávarbotninn sem skapa öldur sem þykja eftirsóknarverðar fyrir brimbrettaíðkun.

Breytingar á uppdrætti:

- 328 E fellur út.
- 302 AT minnkar úr 10,7 í 4,7.
- 301 ST stækkar úr 0,9 í 1,4.
- 307 H minnkar úr 4,6 í 4,1 ha.
- Óbyggt svæði við Brimnesá og norðan 328 VP verður opið svæði 3,5 ha.
- 328 VP er nýr 1,7 ha reitur.
- 423 HV er nýtt hverfisverndarsvæði, 12 ha.
- Þéttbýlismörkum yfir sjó er breytt.

Breytt greinargerð:

(Yfirstríkaður texti fellur út. Breytingar eru gerðar á lituðum reitum)

Merking	Stærð (ha)	Heiti svæðis	Lýsing/staða/núv. notkun	Skipulagsákvæði
328 E	3,7	Norðan við Norðurgarð í Austurhöfn og vestan við Námuvog, Ólafsfjörður.	Landfylling fyrir athafna- og hafnarstarfsemi. Efnislosun vegna fyrirhugaðra ganga.	Áætlað magn 255.000 m ³ efnislosun/landfyllingu.
302 AT	10,7 4,7	Námuvogur	Ymiskonar athafnastarfsemi. 3,7 ha af reitnum er landfylling (328 E). Eftir úr fyrirhuguðum jarðgöngum er áætlað í fyllinguna.	Uppbygging skv. deiliskipulagi, sjá ákvæði kafla 3.2.4.
301 ST	0,9 1,4	Brimnestunga	Grjóttjara undir kletthömrum.	
307 H	4,6 4,1	Höfnin	Vesturhöfn er smábáthöfn. Í Austurhöfn er Þverbruggja sem er löndunar- og útskipunarhöfn.	
330 OP	3,5	Brimnesá	Útivistarsvæði ofan fjöru og meðfram Brimnesá.	
328 VP	1,7	Brimnestunga	Óbyggt svæði	Uppbygging fyrir brimbrettaaðstöðu, sjósund og tengda starfsemi. Einnig er heimil verslunar- og þjónustustarfsemi sem styður við starfsemina.
423 HV	12	Brimnestunga	Náttúruleg öldumyndun vegna lögunar sjávarbotns. Svæðið er eitt af vinsælustu brimbrettasvæðum Íslands.	Verndun sjávarbotns innan netlaga. Rask s.s. rót og efnistaka er óheimil. Verndin felst í að halda aðalbotni sjávarbotns óbreyttum, þ.e. öldu sem skapast af náttúrulegum orsökum.

Umhverfimatsskýrsla

Ekki eru áformaðar framkvæmdir innan skipulagssvæðisins sem líklegar eru til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif sbr. lög um mat á umhverfisáhrifum nr. 111/2021.

Áhrif skipulagsáætlunar eru metin sem jákvæð (+), neikvæð (-), óveruleg (0) eða óviss/á ekki við (?)

Umhverfispáttur	Áhrif	Skýring
Yfirbragð og svipmót byggðar	+	Gert er ráð fyrir byggingum sem falla vel að landi.
Lýðheilsa	+	Áhersla er á gott og öruggt aðgengi auk stígakerfis fyrir alla.
Útivist	+	Útivistarsvæðið er hugsað fyrir bæjarbúa jafnt sem ferðamenn.
Mengun	0	Ekki er gert ráð fyrir mengandi starfsemi. Fráveita verður með rotþró og frágangur í samræmi við reglugerð um fráveitur og skólp nr. 798/1999.